


## Rekstrarreikningur 2021

	Skýr.	2021	2020
<b>Rekstrartekjur:</b>			
Félagsgjöld.....	(8) Kr.	4,739,000	3,304,620
Vallargjöld / Sumarkort.....	(9) -	5,037,655	4,200,286
Mótagjöld.....	-	286,000	262,500
Firmakeppni - styrktarmót.....	-	230,000	220,000
Styrkir, auglýsingar.....	(10) -	1,413,200	625,000
Lottó / Getraunir.....	-	46,193	28,392
Vaxtatekjur-fjármagnstekjuskattur.....	-	1,482	6,274
Rekstrartekjur samtals	Kr.	11,753,530	8,647,072
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Greiðslur til rekstraraðila-kostnaður.....	Kr.	2,073,400	1,750,000
Greiðslur vegna reksturs skála-kostnaður.....	-	0	8,209
Leiga v/ golfvallar.....	(11) -	144,981	123,740
Viðhald tækja og skála.....	(12) -	383,511	590,305
Framkvæmdir við golfvöll.....	(13) -	0	0
Rafmagn og hiti.....	-	62,052	72,111
Fasteignagjöld.....	-	301,970	294,060
Rekstrarvörur.....	(14) -	1,209,926	1,417,143
Tryggingar.....	-	271,108	188,276
Skattur GSÍ / HSK.....	(15) -	536,491	405,000
Verðlaun og mótakostnaður.....	-	100,691	75,932
Ýmiss kostnaður.....	(16) -	253,319	397,169
Afskriftir viðskiptakrafna.....	-	0	0
Vaxtagjöld og bankakostnaður.....	-	197,034	168,298
Rekstrargjöld samtals	Kr.	5,534,483	5,490,243
Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi.....	Kr.	6,219,047	3,156,829
<b>Óreglulegar tekjur / gjöld:</b>			
Afskriftir véla, tækja og verkfæra		-1,508,837	-1,077,906
Óreglulegar tekjur / gjöld samtals	Kr.	-1,508,837	-1,077,906
Hagnaður (tap) ársins.....	Kr.	4,710,210	2,078,923

Ég undirritaður hef skoðað ársreikning Golfklúbbsins Dalbúa fyrir tímabilið 1.11.2020 - 31.10.2021 og hef ekkert fundið athugasemdir og legg til að hann verði samþykktur.

  
 Jón Þ. Hilmarsson

# Efnahagsreikningur 31. okt. 2021

Eignir	Skýr.	2021	2020
Varanlegir rekstrarfjármunir :			
Áhöld og búnaður.....	(2) Kr.	1,120,117	1,093,982
Vélar, tæki og verkfæri.....	(3) -	6,035,347	4,311,624
Bílastæði.....	-	200,000	200,000
Golfvöllur.....	(4) -	11,194,711	10,794,711
Golfskáli.....	(5) -	420,000	420,000
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals	Kr.	18,970,175	16,820,317
Veltufjármunir :			
Bankareikningar.....	Kr.	3,889,715	1,469,113
Skammtíma kröfur :			
Viðskipta kröfur.....	(6) Kr.	15,750	0
Veltufjármunir samtals	Kr.	3,905,465	1,469,113
Eignir alls	Kr.	22,875,640	18,289,430
<b>Skuldir og eigið fé</b>			
Eigið fé :			
Óráðstafað eigið fé.....	Kr.	18,028,222	15,949,299
Hagnaður (tap) ársins .....	-	4,710,210	2,078,923
Eigið fé samtals	Kr.	22,738,432	18,028,222
Skuldir :			
Langtímaskuldir:			
Ergo - fjármögun.....	Kr.	0	0
Næsta árs afborgun	-	0	0
	Kr.	0	0
Viðskiptaskuldir.....	(7) Kr.	137,208	261,208
Næsta árs afborgun fjármögnunar.....	-	0	0
Skammtímaskuldir samtals	Kr.	137,208	261,208
Skuldir samtals	Kr.	137,208	261,208
Skuldir og eigið fé alls	Kr.	22,875,640	18,289,430

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

1. Við gerð ársreiknings 2020-2021 er í öllum meginatriðum fylgt hefðbundnum reikningsskilaaðferðum og er fylgt ákvæðum skattalaga við gerð ársreiknings og er fyrningareglum breytt til samræmis við breytingu á skattalögum. Allar tölur eru færðar í heilum krónum.

Áhrif almennra verðlagsbreytinga á rekstur og stöðu félagsins eru ekki reiknuð vegna breytinga á lagafyrirmælum um reikningsskil og varanlegir rekstrarfjármunir eru af sömu ástæðu ekki endurmetnir.

## Eignir

2. Áhöld og búnaður eru metnar á kostnaðarverði. Hér er einkum um að ræða áhöld og búnað í golfskála, þ.e. innréttingar, tæki, húsgögn og annan búnað. Keyptir voru nýir fánar fyrir holur vallarins, holustangir fyrir æfingafla, stólar á pall o.fl. búnaður. Ekki hafa verið reiknaðar afskriftir af þessum eignalið.
3. Vélar, tæki og verkfæri voru metin á kostnaðarverði í upphafi árs og kaupverði innan ársins.  
- Reiknaðar eru afskriftir (20%) af bókfærðu verðmati véla, tækja og verkfæra í lok árs, og bókfært verð þeirra er í árslok lækkað um kr. 1.508.837.-
4. Vinna er loks hafin við framkvæmdir við stækkun teiga á nokkrum brautum og frekari uppbyggingu æfingasvæðis, nokkru síðar en áætlað var, og mun sú vinna halda áfram veturinn 2021-2022. Þegar hefur verið greiddur kostnaður að upphæð kr. 400.000.- vegna þessa, en meirihluti kostnaðar vegna framkvæmdanna mun falla á næsta reikningsár, þ.e. 2021-2022.
5. Golfskáli: Sjá skýringu á eignarhluta GD í skála í ársreikningi 2017-2018. Verðmat eignarhlutans var við upphaf núverandi reikningsárs kr. 420.000. Ekki hafa verið reiknaðar afskriftir af þessum eignalið, og er hann því óbreyttur milli ára.
6. Í lok reikningsárs á GD inneign hjá Laugarvatn Fontana að upphæð kr. 15.750.- þar sem sala GD á ársskírteinum 2021 í Fontana innan reikningsársins náði ekki upphæð styrks skv. samningi dags. 7. júní 2019. Þessi inneign er því færð sem viðskiptakrafa, en mun væntanlega jafnast út á næsta reikningsári.

## Skuldir

7. Skuldir og viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.  
A) Vegna vélarkaupa innan reikningsársins var gerður kaupleigusamningur við Ergo fjármögnunar-þjónustu Íslandsbanka um fjármögnun kaupanna að stórum hluta. Samningurinn hljóðaði upp á kr. 2.004.300,-. Voru gjalddagar skv. samningnum áætlaðir 13 talsins, þ.e. frá 3.6.2021 til 3.6.2022, með stærstu afborgunum 3.6.2021 og 3.6.2022. Greiðslur vaxta og afborganir innan þessa reikningsárs voru skv. áætlun (m.a. afborgun 1. júní sl. að upphæð kr. 989.226.-). Þar sem fjárhagsstaða GD gaf kost á því var ákveðið að greiða lánið upp fyrir lok reikningsársins. Lokagreiðsla vegna lánsins fór því fram 15. október sl. og var samtals að upphæð kr. 1.018.409.- (þ.e. síðasta afborgun af láninu og vextir til greiðsludags).  
- Þetta lán, sem tekið var innan reikningsársins, kemur því ekki fram í ársreikningi GD.  
B) Eftirstöðvar skuldar við Grafíu vegna reiknaðrar leigu lands 2005-2016, á grundvelli 7. gr. samnings FBM/Grafíu við GD frá 9. júlí 1994, var í upphafi reikningsársins samtals kr. 237.208.-. Krafan var öll gjaldfærð á reikningsárinu 2016-2017 sem leigukostnaður vegna golfvallar. Greiddar voru kr. 100.000 sem afborgun af skuldinni á árinu. Eftirstöðvar skuldarinnar eru kr. 137.208.- í lok reikningsárs.

## Rekstrartekjur

8. Félagsgjöld: Alls greiddu 132 félagar árgjald til GD 2020. Með heiðursfélögum eru félagsmenn 139 talsins í lok starfsársins 2021, en voru 114 í lok árs 2020, sem er fjölgun félagsmanna um nærri 22% milli ára. Alls voru 39 nýskráningar félagsmanna innan ársins, en 14 úrsagnir, og þannig bættust 25 kylfingar í hóp félagsmanna GD, sem fyrr segir. Tekjur af félagsgjöldum jukust um rúmlega 28% milli ára; þar sem árlegt

félagsgjald er mismunandi eftir hópum (hjóna gjöld, eldri félagsmenn o.s.frv.) má benda á að greitt félagsgjald var að meðaltali um kr. 35.900.-.

9. Vallargjöld og sumarkort: Samkvæmt samningi sem gerður var 27. janúar 2021 greiddu GRAFÍA, RSÍ og VM Félag vélstjóra og málmteknimanna hvert fyrir sig kr. 600.000 til GD og fengu fyrir þá greiðslu m.a. 20 golfkort sem giltu fyrir 2 á velli Dalbúa sumarið 2021. Greiðslur félaganna, samtals kr. 1.800.000, voru færðar sem hluti tekna af vallargjöldum og sumarkortum í rekstrarreikning.  
- Aðrar tekjur GD af sölu vallargjalda og sumarkorta jukust um þriðjung milli ára, og numu kr. 3.237.655.-.
10. Styrkir og auglýsingar innan reikningsársins 2021 meira en tvöfölduðust frá árinu á undan, og má þakka það verulegu átaki stjórnar til að auka tekjur GD á þessu sviði. Fyrst og fremst er um að ræða styrki úr sjóðum og skv. samningum, en umræddar tekjur eru eftirfarandi:
- |  |                 |
|--|-----------------|
| Styrkur úr Íþróttasjóði ríkisins (vegna uppbyggingar æfingasvæðis)           | kr. 200.000.-   |
| Styrkur frá Samkaup hf. (vegna auglýsingaskiltis fyrir Krambúðina)           | kr. 200.000.-   |
| Styrkur frá Golfsambandi Íslands (vegna vélakaupa)                           | kr. 300.000.-   |
| Tekjur af sölu Fontana-korta (samkvæmt samningi)                             | kr. 350.000.-   |
| Styrkur frá Bláskógabyggð (jafnhár og álagður fasteignaskattur v. golfskála) | kr. 238.200.-   |
| Aðrir styrkir  | kr. 125.000.-   |
| Samtals  | kr. 1.413.200.- |

## Rekstrargjöld

11. Leiga vegna golfvallar 2018 á grundvelli 7. gr. samnings FBM/Grafu við GD frá 9. júlí 1994 (5% af félagsgjaldi síðasta fjárhagsárs að frádregnu aðildargjaldi GD í GSÍ), samtals að upphæð kr. 144.981.- er gjaldfærð á árinu.
12. Viðhald tækja og skála er einkum kostnaður vegna viðgerða, þ.e. vinna og varahlutir. Um er að ræða eðlilegt viðhald og viðgerðir, en á árinu urðu engar alvarlegar bilanir á tækjum, og þessi kostnaðarliður því umtalsvert lægri en á síðasta ári. Helstu kostnaðarliðir reyndust eftirfarandi:
- |   |               |
|---|---------------|
| Brýnsla sláttublaða á öllum vélum, varahlutir o.fl. | kr. 136.578.- |
| Vélavinna og akstur                                 | kr. 193.364.- |
| Viðhald og viðgerðir í skála                        | kr. 51.090.-  |
13. Vinna er loks hafin við framkvæmdir við stækkun teiga á nokkrum brautum og frekari uppbyggingu æfingasvæðis, nokkru síðar en áætlað var, og mun sú vinna halda áfram veturinn 2021-2022. Þegar hefur verið greiddur kostnaður að upphæð kr. 400.000.- sem er eignfærður og hækkar matsverð golfvallar í efnahagsreikningi (sjá skýringu nr. 4). Meirihluti kostnaðar vegna framkvæmdanna mun falla á næsta reikningsár, þ.e. 2021-2022.
14. Kostnaður vegna kaupa á rekstrarvörum lækkar milli ára, og er það m.a. í samhengi við sparnað sem felst í notkun á nýrri vélum. Helstu kostnaðarliðir reyndust eftirfarandi:
- |                                  |               |
|----------------------------------|---------------|
| Olíu-, smurolíu- og síukostnaður | kr. 683.036.- |
| Áburðarkaup                      | kr. 277.877.- |
| Kaup á fræi                      | kr. 180.765.- |
| Verkfæri o.fl.                   | kr. 68.248.-  |
15. Svonefnd GSÍ-gjöld vegna greiddra félagsgjalda vega hér þyngst. Þau eru árið 2021 kr. 5.600 af hverju greiddu félagsgjaldi í aðalklúbbi, og samtals kr. 492.800.- á þessu reikningsári. Sú upphæð jafngildir því að 88 félagsmenn hafi haft Dalbúa sem aðalklúbb í skráningu árið 2021, samanborið við 75 árið áður.
16. Hefðbundinn ýmis kostnaður lækkar milli ár, en ýmis kostnaður síðasta árs var óvenjulegur vegna kostnaðar við endurnýjun starfs- og rekstrarleyfa. Helstu liðir sem teknir eru saman hér eru eftirfarandi:
- |  |              |
|--|--------------|
| STEF-gjald                                       | kr. 14.447.- |
| Heilbrigðiseftirlitsgjald                        | kr. 39.375.- |
| Fundaraðstaða vegna aðalfundar 26. nóvember 2020 | kr. 25.000.- |
| Leiga á pósthólfi                                | kr. 19.810.- |
| Hýsing vefsíðu                                   | kr. 21.984.- |
| Kostnaður vegna vinnudags GD                     | kr. 5.640.-  |

Flutningskostnaður v. vélakaupa  
Nettenging fyrir golfskála  
Ljósritun, pappír, skönnun o.fl.

kr. 59.153.-  
kr. 35.026.-  
kr. 27.714.-